

Þróunarsjóður grunnskóla



Einstaklingsbundið nám og námsmat

Þróunarverkefni í Brekkuskóla á Akureyri 2004-2005
Lokaskýrsla nóvember 2005

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Samantekt / útdráttur	3
Aðdragandi og undirbúningsvinna	3
Markmið verkefnisins.....	5
Skipulag, umfang og framkvæmd vinnunnar	6
Almennt	6
Námskeiðahald	6
Stjórnun og framkvæmd verkefnisins.....	7
Niðurstöður og mat.....	10
Fylgiskjöl.....	11
Nr. 1. Viðtalseyðublað fyrir 1. bekk	11
Nr. 2. Viðtalseyðublað fyrir 2.-4.bekk.....	14
Nr. 3. Viðtalseyðublað fyrir 5.-7. bekk.....	17
Nr. 4. Viðtalseyðublað fyrir 8.-10. bekk.....	20

Einstaklingsbundið nám og námsmat

Próunarverkefni í Brekkuskóla á Akureyri
Lokaskýrsla nóvember 2005

Samantekt / útdráttur

Frá vori 2004 hefur verið unnið að próunarverkefni í Brekkuskóla á Akureyri sem miðar að því að koma betur til móts einstaklinginn. Hafist var handa við verkefnið í kjölfar stefnumótunarvinnu fyrir skólann þar sem markið var sett á að miða nám innan hans sem mest við hvern og einn nemanda og auka samvinnu við foreldra og þátt þeirra í námi barnanna. Með verkefninu var því í raun um að ræða fyrsta áfanga í langri vegferð í átt að þessu marki en til að byrja með var horft til þess að stíga skref í átt til þess að skjalfesta einstaklingsbundin markmið fyrir nemendur skólans og leitast þannig við að búa til sameiginlega sýn og ábyrgð skóla, foreldra og nemanda. Þá felst verkefnið í umræðum innan skólans, því að við að sér efni og hugmyndum um leiðir, nánari stefnumótun varðandi einstaklingsmiðun náms, fræðslu til kennara og umfjöllun um kennsluaðferðir, endurskoðun á formi samskipta heimila og skóla, þróun nemendaviðtala og starfsháttum í námsverum innan skólans.

Aðdragandi og undirbúningsvinna

Brekkuskóli á Akureyri var stofnaður árið 1997 með sameiningu Barnaskóla Akureyrar og Gagnfræðaskóla Akureyrar. Skólinn er því tiltölulega ung stofnun þó hann standi á traustum grunni fyrirrennara sinna og búi að öflugum kjarna starfsfólks sem hefur að geyma gríðarlega reynslu og þekkingu. Allt frá stofnun skólans má segja að stefna hans og starfshættir hafi verið að þróast en að sjálfsgöðu hefur í þeim efnum verið byggt á reynslu og hefðum. Skólinn hefur til þessa dags búið við ákveðna biðstöðu í húsnæðismálum, starfað í tveimur til þremur húsum og hefur þetta sett sitt mark á starf skólans. Haustið 2003 hófust hins vegar byggingarframkvæmdir við skólann sem hafa staðið síðan og nú haustið 2005 verða loks allir nemendur og starfsmenn skólans komnir undir eitt þak í glæsilegu húsnæði. Það var því vel við hæfi að veturinn 2003-2004 var formlega unnið að mótun stefnu Brekkuskóla og lauk þeirri vinnu með samþykkt stefnunnar í maí 2004. Snemma í þeirri vinnu var ljóst að áhugi margra starfsmanna og ekki síst foreldra hneigðist í þá átt að skólinn tæki í auknum mæli upp vinnubrögð sem miðuðu að því að koma betur til móts við hvern og einn nemanda.

Í stefnunni þegar upp var staðið er t.d. að finna eftirfarandi yfirmarkmið fyrir starf í Brekkuskóla;

- Að skólinn bjóði upp á vandað nám við hæfi hvers og eins.
- Að efla samhug og samstarf heimila og skóla að sameiginlegu markmiði í þágu nemandans og stuðla að virku upplýsingaflæði milli skóla og heimilis.
- Að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar, tekið sé tillit til ólíkra þarfa nemenda og námsumhverfið sé aðlaðandi.
- Að þátttaka foreldra í skólastarfinu sé viðtæk og markviss.

Skólanum voru sett ákveðin einkennisorð sem eiga að vera lýsandi fyrir allt starf hans og eru þau eftirfarandi;

- **Menntun:** Við leggjum metnað í nám og kennslu. Við viljum að námið sé fjölbreytt og skapandi. Öll þurfum við að finna tilgang með vinnu okkar, fá tækifæri til að hafa áhrif og láta ljós okkar skína.
- **Gleði:** Skólinn er ekki bara undirbúningur undir lífið, heldur hluti af lífinu sjálfu. Því er lögð áhersla á að lífsgleði og starfsgleði setji mark sitt á allt skólastarfið. Til þess að svo megi verða þurfum við að vera örugg og okkur þarf að líða vel á vinnustaðnum.
- **Umhyggja:** Brekkuskóli er samfélag þar sem við stöndum saman og sýnum umhyggju. Við dæmum ekki og erum tilbúin til að aðstoða hvert annað.
- **Framfarir:** Allir sem innan skólans starfa stefna að því að þroskast og dafna í námi, starfi og sem persónur og aðstoða aðra við það. Ekki þurfa allir að taka jöfnum framförum heldur er tekið mið af stöðu hvers og eins. Þetta gerum við með því að setja okkur sífellt ný markmið og mæla hvernig okkur tekst að ná þeim. Þannig tekur stofnunin í heild einnig framförum og stefnir ætíð að því að vera skóli sem lærir.

Þá voru settar fram áherslur í starfi skólans og er þar m.a. að finna eftirfarandi;

- Umsjónarkennarar gegna lykilhlutverki í nánu samstarfi við nemendur og heimili þeirra. Lögð er áhersla á virk samskipti við heimilin og samstarf við þau um markmiðssetningu fyrir hvern og einn nemanda. Þá standa umsjónarkennarar fyrir öflugum starfi innan hvers bekkjar með það að markmiði að skapa samkennd, öryggi og vellíðan í nemendahópnum og efla lífsleikni nemenda.
- Við leitumst við að hafa námsmat víðtækt og lýsandi, meta vinnu nemenda reglulega og jafnframt leitast við að fá þá til að meta eigin stöðu. Áhersla er lögð á að gera nemendum ljóst, hvaða kröfur eru gerðar til þeirra, kenna þeim að gera áætlanir og vinna eftir þeim.
- Við leggjum áherslu á einstaklinginn og að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur þannig að allir stefni að raunhæfum en persónulega krefjandi markmiðum.

Með hliðsjón af þeim áherslum sem fram koma í stefnu skólans var ljóst að nokkurt verk væri óunnið við að framfylgja stefnunni. Var því ákveðið að það væri forgangsmatariði næstu missera að vinna samkvæmt þeim punktum sem hér eru upp taldir að framan og hefjast handa við þróun skólans í átt til aukinnar einstaklingsmiðunar. Voru því settar á blað hugmyndir að leiðum að þessu marki og sótt um styrki til verkefnisins til Þróunarsjóðs grunnskóla en einnig til Akureyrarbæjar. Báðir aðilar brugðust jákvætt við og var hafist handa við verkefnið haustið 2004 en þó skal tekið fram að áætlanir röskuðust nokkuð vegna verkfalls grunnskólakennara og óvissuástands sem það skapaði. Styrkur Akureyrarbæjar gerði skólanum kleift að ráða einn kennara skólans í 25% stöðu verkefnisstjóra en framlag Þróunarsjóðs nýttist til að standa að nokkru undir námskeiðskostnaði, vinnu verkefnisstjórnar og vinnu við mat og skýrslugerð.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins eins og þau komu fram í umsókn til Þróunarsjóðs grunnskóla voru eftirfarandi;

1. Skjalfesta einstaklingsbundin markmið fyrir nemendur í eldri bekkjum Brekkuskóla og stuðla að því að skólinn, foreldrar og nemendur sjálfir fylgist vel með námsárangrinum til að hægt sé að hjálpa nemendum að ná sem bestum árangri.
2. Koma betur til móts við nemendur sem standa höllum fæti í námi og einnig að skapa grundvöll fyrir krefjandi verkefnum fyrir þá sem skara fram úr í námi.
3. Skipuleggja nemendasamning/einstaklingsnámskrá í samvinnu við nemanda, foreldra, umsjónarkennara og sérkennara/námsráðgjafa, ásamt því að leitast við að fá nemendur sjálfa til að meta vinnu sínu og frammistöðu og auka þannig fjölbreytni námsmats í skólanum.
4. Skapa nemendum aðstöðu til að fylgja einstaklingsnámskrá, annað hvort inni í sínum bekk eða í svokölluðu námsveri, eftir því sem hentar hverju sinni.

Hugmyndin var að nálgast þessi markmið í grófum dráttum á eftirfarandi hátt;

- Námsstaða hvers nemenda verði metin af kennurum hans með það til hliðsjónar að athuga hvort huga þurfi að sérstöku námsefni eða öðrum markmiðum en fyrir hópinn almennt. Þetta verði gert með samstarfi kennara nemandans annars vegar en með samráði við nemandann og foreldra hins vegar. Komið verði á fót svokölluðum “nemendaviðtölum” milli nemenda og umsjónarkennara sem miða að því að búa til nokkurs konar sambland af einstaklingsnámskrá og samningi milli nemenda, heimila og skóla og efla þannig ábyrgðartilfinningu nemenda gagnvart eigin námi. Nemendaviðtöl verði einu sinni á önn en einnig mæta nemendur ásamt foreldrum til viðtals á annaskiptum eins og verið hefur og í þessum viðtölum er einstaklingsnámskráin/samningurinn mótaður og endurskoðaður. Þá leggja nemendur sjálfir mat á hvernig gengið hefur að ná þeim markmiðum sem sett voru. Þannig verður námsmatið bæði viðtækara og nemendur taka aukinn þátt í því.
- Hins vegar felst verkefnið í þróun námsvera þar sem nemendur vinna að einstaklingsbundum námsmarkmiðum sínum. Er hugmyndin að námsverin geti bæði gagnast þeim sem standa höllum fæti hvað varðar nám og/eða hegðun sem og þeim sem standa mjög vel og þurfa því önnur viðfangsefni en félagar þeirra. Námsverin eru vel útbúnar kennslustofur þar sem nemendur vinna að mismunandi verkefnum með aðstoð sérkennara. Í námsveri er áætlað að ekki séu fleiri en 4 nemendur á hvern kennara. Námsver er ekki hugsað sem sérdeild þar sem nemendur dvelja allan skóladaginn, nemendur fylgja þvert á móti sínum bekkjum en í einstökum fögum geta þau komið í námsver til að fá aukna aðstoð og til að sérkennari geti unnið með þeim að sérstökum markmiðum.

Eftir því sem vinnunni hefur miðað áfram hafa ýmsir þættir skólstarfsins komið til skoðunar og margt fleira verið lagt undir en stefnt var fyrir séð í upphafi. Þó má segja að þau markmið sem lagt var upp með séu enn í fullu gildi þó að áherslur í vinnunni hafi að nokkru tekið breytingum og enn hafi ekki allt komist í framkvæmd sem að var stefnt.

Skipulag, umfang og framkvæmd vinnunnar

Almennt

Segja má að vinna við verkefnið hafi skipst í þrennt, þ.e.a.s. í fyrsta lagi námskeiðahald og fræðslu, í öðru lagi vinnu verkefnisstjórnar og skólastjórnenda sem og fengna ráðgjöf, og í þriðja lagi almenna vinnu kennarahópsins.

Snemma varð ljóst að sú tímaáætlun sem sett var fram í styrkumsókninni myndi ekki standast nema að litlu leyti. Kom þar þrennt til. Í fyrsta lagi má nefna kennaraverkfallið haustið 2004 og sú röskun sem af því varð en segja má að áhrifa þess hafi gætt strax í skólabyrjun vegna óvissunar sem skapaðist af yfirvofandi verkfalli. Í öðru lagi voru húsnæðismál Brekkuskóla afar erfið þetta haustið vegna byggingarframkvæmda en rýma þurfti stóran hluta skólahúsnæðisins vorið 2004 og aðeins lítill hluti húsnæðis var í raun tilbúinn þegar kennarar mættu til starfa um haustið. Settu framkvæmdir og húsnæðisþrengingar raunar mikið mark starfs skólans allt skólaárið 2004-2005. Í þriðja lagi varð svo fljótlega ljóst að meiri umræðu og undirbúnings væri þörf fyrir ýmsa þætti verksins. Má því segja að vinna við verkefnið skólaárið 2004-2005 hafi að miklu leyti farið í fræðslu, umræður og undirbúning og þegar upp er staðið er það mat undirritaðs að þeim tíma hafi verið vel varið.

Námskeiðahald

Í febrúar 2004 kom Guðmundur Engilbertsson frá Háskólanum á Akureyri og hélt stutt námskeið fyrir kennara skólans um gerð, uppbyggingu og markmið einstaklingsnámskráa.

Í ágúst 2004 var haldið námskeið fyrir starfsfólk skólans. Dagskrá námskeiðsins var svohljóðandi:

12. ágúst 2004 kl. 8-16

Viðtalstækni. Umsjónarmaður Kristján Már Magnússon sálfræðingur. Þessi hluti námskeiðsins var sérstaklega ætlaður umsjónarkennurum og stjórnendum. Athyglinni beint að viðtalstækni, setningu markmiða, samningum o.fl.

13. ágúst 2004 kl. 8-16

Einstaklingsbundið nám. Þátttakendur; allir kennarar skólans. Umsjónarmaður Brynhildur Anna Ragnarsdóttir kennsluráðgjafi. Athyglinni beint að rannsóknabundnum verkefnum og sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda, sjálfsmati, nemendamöppum og valkostum í námi og kennslu.

16. ágúst 2004 kl. 8-16

Einstaklingsbundið nám. Þátttakendur; allir kennarar skólans. Umsjónarmaður Jóhanna Karlsdóttir lektor við KHÍ. Fjallað um námsaðgreiningu/námsaðlögun, sveigjanlega kennsluhætti, skóla án aðgreiningar, opinn skóla, vals væði og fjölþrepakennslu.

Undir vorið 2005 kom Birna Svanbjörnsdóttir frá Háskólanum á Akureyri til samstarfs við okkur og hefur fundað með kennurum í 1.-4. bekk um einstaklingsmiðun náms og

leiðir þar að lútandi. Haustið 2005 hefur hún verið kennurum þessara bekkja til ráðgjafar og haldið fundi með þeim. Hefur athyglin m.a. beinst að samvinnunámi.

Í nóvember var haldið stutt námskeið fyrir alla starfsmenn skólans þar sem Þórkatla Aðalsteinsdóttir og Einar Gylfi Jónsson sálfræðingar fjölluðu m.a. um samskipti á vinnustað, viðhorf til breytinga o.fl.

Fyrir utan það sem hér er talið að framan hafa einstakir kennarahópar sótt önnur námskeið til þekkingaröflunar um nýtt námsefni og kennsluaðferðir, s.s. söguaðferð.

Í framhaldi af námskeiðunum hafa kennarar prófað sig áfram með þær aðferðir sem þar voru kynntar. Haldnir hafa verið samráðs og undirbúningsfundir þar sem tækifæri hafa gefist til að bera saman bækur sínar og miðla af reynslu auk þess sem það hefur verið gert eftir því sem tækifæri hafa gefist til á kennara- og deildafundum.

Í undirbúningi eru nú námskeið sem miða að bættri lestrarkennslu og auknu læsi nemenda í skólanum.

Stjórnun og framkvæmd verkefnisins

Til að byrja með hvíldi stjórn verkefnisins fyrst og fremst á skólastjórnendum en þegar leið á haustið 2004 var ákveðið að kalla fleiri til ábyrgðar og setja á fót þróunarstjórn. Í hana völdust 10 kennarar og stjórnendur sem hafa fundað reglulega síðan og skipt með sér verkum þar á milli. Hefur Helga Sigurðardóttir stjórnað starfi nefndarinnar en hún hefur einnig tekið að sér yfirstjórn verkefnisins næstu tvö árin.

Starf nefndarinnar hefur falist í að viðað sér efni og hugmyndum um leiðir að einstaklingsmiðun, skilgreina og standa að nánari stefnumótun og umræðum um verkefnið. Þá hafði nefndin með höndum að undirbúa viðtöl sem fóru fram í skólabyrjun haustið 2005 og leiða umræður varðandi þau. Þarna var um að ræða nýbreytni en skólastarfið hófst á því að umsjónarkennarar, nemendur og foreldrar settust niður og freistuðu þess að setja saman markmið fyrir veturinn auk þess að kortleggja áhugasvið nemandans og öðlast yfirsýn yfir það sem hann er að fást við. Í þessu skyni veitti skólanefnd Akureyrarbæjar svigrúm við gerð skóladagatalis þannig að þrír fyrstu dagar skólaársins voru ætlaðir til þessara viðtala. Í kjölfarið fylgdi svo nýtt fyrirkomulag samskipta heimilis og skóla sem er í grófum dráttum sem hér segir;

- Fyrrgreind ítarleg viðtöl umsjónarkennara við foreldra og nemendur í skólabyrjun með það í huga að setja markmið fyrir veturinn og skilgreina ábyrgð aðila. Gengið frá samkomulagi um markmið, ábyrgð og þátttöku foreldra, fyrirkomulag heimanáms o.fl.. Tveir til þrír dagar á skóladagatali merktir þessum viðtölum.
- Samkomulaginu fylgt eftir með nemendaviðtölum, þ.e. að umsjónarkennarar setjast reglulega niður með hverjum og einum nemenda, fara yfir þau markmið sem sett hafa verið og hjálpast að við að meta árangur. Miðað við að tekið sé viðtal við hvern nemanda a.m.k. einu sinni á önn, oftast þá sem sérstaklega þurfa.

- Umsj.kennari hefur samband við hvert heimili símaleiðis eða bréfleiðis a.m.k. einu sinni á önn. Miðað við að því sé lokið í lok október á haustönn og um miðjan mars á vorönn. Eftirfylgd haustviðtala.
- Viðtalsdagur í upphafi vorannar. Foreldrar geta óskað eftir viðtölum en aðeins þeir boðaðir sem umsjónarkennari eða stjórnendur telja ástæðu til.
- Samskipti þar fyrir utan með símtölum, pósti og fundum þar sem ástæða er til.
- Umsj.kennari boðar stuttan fund með öllum foreldrum bekkjarins í byrjun september að morgni dags. Tilnefndir bekkjarfulltrúar og gerð áætlun um félagsstarf bekkjarins um veturinn. Foreldrar gerðir ábyrgir fyrir bekkjarkvöldum o.fl. Aflað upplýsinga um aðrar óskir varðandi félagsstarf nemendanna og bekkjarstarfið almennt. Einnig um möguleg sjálfboðaliðsstörf foreldra í tengslum við skemmtanir, vettvangsferðir, útivistardaga, þemadaga o.s.frv.
- Gert ráð fyrir að hvert foreldri mæti í skólann u.þ.b. tvær klst. yfir veturinn, fylgist með bekkjarstarfinu, frímínútum/hádegi, hitti umsjónarkennara o.s.frv.
- Viðtalstímar umsj.kennara eru auglýstir en notaðir í meira mæli til að hafa samband að fyrra bragði. Foreldrar sem fyrr hvattir til að hafa samband.
- Vikuáætlanir/ heimanám á mentor.is.
- Mánaðarleg fréttabréf, heimasíða, dreifibréf eftir þörfum.
- Fastir kynningar/samráðsfundir;
 - Kynningarfundur nýnema í 1. bekk í maí ár hvert
 - Skólafærninámskeið fyrir foreldra yngstu barna í september
 - Skólafærninámskeið fyrir foreldra unglunga (8.b) í október
 - Valgreinakynning í apríl
 - Opinn foreldrafundur í nóvember (aðalfundur for.félags)
 - Reglulegir fundir stjórnenda með foreldraráði og stjórn Foreldrafélags.

Nokkur vinna fór í að setja saman þá áætlun sem hér er greint frá varðandi samskipti heimila og skóla enda er um að ræða talsverða breytingu frá því sem verið hefur. Sú vinna fór fram í þróunarstjórn, á kennarafundum og vinnuhópum kennara, á fundi með foreldrum og í vinnuhópi foreldra.

Varðandi framkvæmd viðtala í skólabyrjun er það að segja að dagana 22., 23. og 24. ágúst komu allir nemendur Brekkuskóla ásamt foreldrum sínum til viðtals við sína umsjónarkennara (sjá fylgiskjöl). Tilgangur þessara viðtala var að nemendur settu sér námsmarkmið fyrir veturinn og foreldrar tækju þátt í þeirri vinnu. Gerður var einskonar námssamningur undirritaður af öllum aðilum. Viku áður höfðu nemendur fengið send heim eyðublöð sem viðtölin og markmiðin voru síðan unnin út frá. Foreldrar lýstu almennt yfir ánægju sinni með þessi viðtöl fannst gott að hitta kennara í skólabyrjun byggja upp traust og fara yfir stöðu mála. Áætluð tímalengd hvers viðtals var hálf klukkustund og stóðst það í flestum tilfellum. Að loknum viðtölunum færðu kennarar síðan niðurstöðurnar inn á tölvusamgögn skólans og sendu foreldrum afrit, en halda sjálfir frumritinu.

Samningurinn sem gerður var er síðan vinnuþagg sem hægt er að vitna í allan veturinn.

Í nóvember fóru kennarar markvisst yfir samningana og ræddu við þá nemendur sem ekki höfðu staðið nógu vel við sína hlið þeirra. Í byrjun janúar boða kennarar síðan til viðtals nemendur og foreldra þar sem námssamningarnir þarfnast verulegrar endurskoðunar. Verður þar líka stuðst við niðurstöður haustannarprófa.

Hugmyndin er að viðtöl í skólabyrjun séu grundvöllurinn að því að kennarar geti einstaklingsmiðað nám nemenda sinna. Upphaflega var hugmyndin að viðtöl og samningsgerð af þessu tagi yrði eingöngu prófuð á unglíngastigi en að lokum varð niðurstaðan sú að hefja skólastarfið með þessum hætti hjá öllum nemendum skólans. Þó var ákveðið að í framhaldi af viðtölunum yrði kastljósinu einkum beint að starfinu í 1.-4. bekk og þess freistað að þróa ný vinnubrögð þar sem færast svo upp eftir því sem nemendur vaxa úr grasi. Við gerð stundaskrár þessara bekkja fyrir skólaárið 2005-2006 var gert ráð fyrir því að hægt yrði að brjóta upp bekkjarkerfið að nokkru frá því sem verið hefur en kenna nemendum þess í stað í nokkuð aldursblönduðum hópum. Þetta hafa kennarar í 3. bekk t.d. nýtt sér og kenna nú árganginum ýmist í umsjónarhópum og hópum sem samsettir eru úr nemendum öllum bekkjum árgangsins. Af öðrum sýnilegum breytingum í skólastarfinu má nefna að í 6. bekkjum gera nemendur einstaklingsáætlanir fyrir hverja viku, aldursblöndun er að hluta í 1.-2. bekk annars vegar og 3.-4. bekk hins vegar o.s.frv. Það er því ýmislegt í gerjun og kennarar víða að prófa sig áfram með breytt fyrirkomulag.

Í vinnu þróunarstjórnar komu agamál fljótt til umræðu enda eru það gamalkunn sannindi að allt of stór hluti af orku kennara fer í að fást við óæskilega hegðun. Í framhaldi af því hefur nokkuð af vinnu hópsins farið í hugmyndavinnu varðandi þennan málaflokk og að stýra umræðum um nýjar leiðir í agamálum. Niðurstaðan er sú að búa til skýrari línur varðandi viðbrögð við agavandamálum og endurskoða agakerfi skólans. Var nýtt og endurskoðað agakerfi tekið í notkun haustið 2005.

Áfram hefur verið haldið við að þróa námsver innan skólans en þar er um að ræða aðstöðu þar sem nemendur vinna að einstaklingsbundnum markmiðum með aðstoð kennara. Í vetur var námsverum fjölgað en aðeins hefur verið um að ræða eitt námsver hingað til. Þá var gerð sú grundvallarbreyting í einu námsverinu að umsjón með nemendum sem stunda að miklu leyti sitt nám þar fluttist til þess kennara sem annast mest kennslu nemandans þar. Þannig er hugmyndin að betri yfirsýn fáiast yfir nám nemandans og samskipti við heimili og foreldra verði auðveldari og skilvirkari en verið hefur.

Í vinnu við verkefnið hefur starfsfólk Brekkuskóla notið aðstoðar og ráðgjafar frá nokkrum aðilum, má þar nefna fulltrúa frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri sem hafa fundað með skólastjórnendum og gefið góð ráð við framkvæmd og skipulag verkefnisins. Við lausn erfiðra agavandamála nýtur skólinn leiðsagnar fjölskylduráðgjafa frá Hlíðarskóla sem vinnur að lausnum með skólanum og fjölskyldunni en er starfsfólki einnig til ráðgjafar almennt. Loks má nefna að haft hefur verið samráð við foreldra og er starfandi stuðningshópur foreldra sem hefur það hlutverk að funda með þróunarstjórn eða fulltrúum hennar, veita umsagnir og ráðgjöf og skiptast á hugmyndum.

Niðurstöður og mat

Eins og fram hefur komið hér að framan hefur framkvæmd verkefnisins að nokkru leyti orðið með öðrum hætt en stefnt var að. Þá er rétt að geta þess að þó að þátttöku Þróunarsjóðs grunnskóla ljúki hér (í bili a.m.k.) má segja að ferðalag okkar í átt að einstaklingsmiðaðra námi og námsmati sé rétt að hefjast. Með vissu má þó segja að við höfum færst nær þeim markmiðum sem sett voru og það sem mestu skiptir er að heilmikil undirbúningsvinna er nú að baki og Brekkuskóli sem stofnun er orðinn betur í stakk búinn að takast á við þetta mikla verkefni. Verkfall og húsnæðismál töfðu framvinduna hjá okkur en þegar upp er staðið er það kannski til góða að hafa tekið betri tíma til undirbúnings og umhugsunar en gert var ráð fyrir í fyrstu.

Almennt má segja að verkefnið hafi skilað okkur áfram í þá átt sem að var stefnt.

Vinna í námsverum og fræðsla til starfsmanna hefur farið fram skv. áætlun og gefið góða raun. Viðtöl í skólabyrjun hafa mælst afar vel fyrir hjá öllum aðilum. Eins og áður hefur komið fram lýstu foreldrar almennt yfir ánægju sinni með þessi viðtöl og fannst gott að hitta kennara í skólabyrjun, byggja upp traust og fara yfir stöðu mála. Í úttekt sem gerð var meðal kennara að loknum viðtölunum kom fram að kennarar eru sammála um að þetta fyrirkomulag sé góð byrjun á vetrarstarfinu og með þessu gefist tækifæri til að sinna betur námslegum og félagslegum þörfum hvers og eins. Þetta gefi þeim möguleika á að nálgast nemendur sína fyrr á persónulegum máta þar sem þeir hafa gert með sér samning um vinnu vetrarins. Þessar vikurnar reynir á eftirfylgd viðtalanna og eru kennarar að próf sig áfram með nemendaviðtöl þar sem markmiðið er m.a. að gera nemendur sjálfa meðvitaðri um nám sitt og markmiðið með því.

Verkefnið sem slíkt hefur því tvímælaust sannað gildi sitt og sú vinna sem fram hefur farið til þessa lofar góðu um framhaldið. En í Brekkuskóla mun næstu árin haldið áfram með þá vinnu að laga námið að hverjum og einum nemanda og munum við leggja okkur fram um að kynna þær leiðir sem við förum á heimasíðu skólans og þar sem eftir því verður leitað.

Ágúst Jakobsson
aðstoðarskólastjóri Brekkuskóla

Fylgiskjöl
Nr. 1. Viðtalseyðublað fyrir 1. bekk

1. bekkur

Nemendaviðtal haustið 2005

Nafn:

Bekkur:

kt:

Foreldrar eru beðnir að mæta til viðtals hjá hjúkrunarfræðingi skólans í tengslum við foreldraviðtölin.

Nýi skólinn minn

Hvað langar þig mest að læra?
Hefur þú gaman af bókum?
Finnst þér gaman að lita og teikna?

Félagar og vinir

Áttu marga vini?
Hver er besti vinur þinn?

Áhugamál

Hver eru helstu áhugamál þín?
Æfir þú íþróttir og/eða lærir þú á hljóðfæri ?
Er eitthvað annað sem þú tekur þátt í?

Til foreldra neðangreindar upplýsingar er að finna í Sniglinum á heimasíðu Brekkuskóla www.brek.akureyri.is

Foreldrar/forráðamenn hafa kynnt sér:	já
Skólareglur	
Forvarnaráætlun	
Námsvísa	
Hlutverk bekkjafunda	
Hlutverk og ábyrgð varðandi heimanám	
Reglur um námsbækur	
Hlutverk foreldra í námi barnsins	
Hvernig námsmat er uppbyggt	

Námsmarkmið vetrarins og skipulagning

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur námsframvindu barnsins?

Á hvað viljið þið leggja áherslu?

Hvernig getið þið stutt það?

Annað

Frá foreldrum

Frá kennara

Annað sem vert er að komi fram, t.d. heilsufar, fjölskylduaðstæður ofl.

Brekkuskóla _____ ágúst 2005

Umsjónarkennari

Foreldri

Nemandi

Netlóð fyrir stefnu Brekkuskóla er www.brek.akureyri.is. Þeir sem ekki hafa aðgang að netinu vinsamlega hafið samband við ritara.

Nr. 2. Viðtalseyðublað fyrir 2.-4.bekk

2. – 4. bekkur

Nemendaviðtal haustið 2005

Nafn: _____ Bekkur: _____ kt. _____

Líðan í skóla

Hvernig líður þér í skóla?
Hvernig gengur í skóla?
Hvað langar þig mest að læra?
Hvað heldur þú að verði erfiðast?
Í hverju ertu best/ur ?
Í hverju langar þig til að vera góð/ur ?

Samskipti við félagi

Hvað finnst þér gaman að gera frímínúttunum?
Hver er besti vinur þinn?
Áttu marga vini?
Með hverjum ertu oftast í skólanum og utan skólatíma?
Með hverjum finnst þér best að vinna í skólanum?

Áhugamál

Hver eru helstu áhugamál þín?
Æfir þú ípróttir og/eða lærir þú á hljóðfæri ?
Er eitthvað annað sem þú tekur þátt í?

Til foreldra neðangreindar upplýsingar er að finna í Sniglinum á heimasíðu Brekkuskóla
www.brek.akureyri.is

Hafa foreldrar/forráðamenn kynnt sér stefnu Brekkuskóla varðandi:	já
Skólareglur	
Forvarnaráætlun	
Námsvísa	
Hlutverk bekkjafunda	
Heimanám	
Námsbækur	
Hlutverk foreldra í skólastarfinu	
Hvernig námsmat er uppbyggt	

Námsmarkmið vetrarins og skipulagning

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur námsframvindu barnsins?
Á hvað viljið þið leggja áherslu?
Hvernig getið þið stutt það?

Sameiginleg námsmarkmið nemanda, foreldra og kennara
Lestur
Skrift
Málfræði, stafsetning og ljóð
Stærðfræði
Samfélagsfræði
Náttúrufræði
Kristinfræði
Tónmennt
Heimilisfræði
Myndmennt
Textilmennt
Hönnun og smíði
Íþróttir
Sund

Annað

Frá foreldrum
Frá kennara
Annað sem vert er að komi fram, t.d. heilsufar, fjölskylduaðstæður ofl.

Brekkuskóla _____ ágúst 2005

Umsjónarkennari

Foreldri

Nemandi

Netslóð fyrir stefnu Brekkuskóla er www.brek.akureyri.is. Þeir sem ekki hafa aðgang að netinu vinsamlega hafið samband við ritara

Nr. 3. Viðtalseyðublað fyrir 5.-7. bekk

5. – 7. bekkur

Nemendaviðtal haustið 2005

Nafn: _____ Bekkur: _____ kt. _____

Líðan í skóla

Hvernig líður þér í skóla?
Hvernig gengur í skóla?
Hvað langar þig mest að læra?
Hvað heldur þú að verði erfiðast?
Í hverju ertu best/ur ?
Í hverju langar þig til að vera góð/ur ?

Samskipti við félagi

Hvað finnst þér gaman að gera frímínúttunum?
Hver er besti vinur þinn?
Áttu marga vini?
Með hverjum ertu oftast í skólanum og utan skólatíma?
Með hverjum finnst þér best að vinna í skólanum?

Áhugamál

Hver eru helstu áhugamál þín?
Æfir þú íþróttir og/eða lærir þú á hljóðfæri ?
Er eitthvað annað sem þú tekur þátt í?
Finnst þér þú hafa of mikið að gera?

Til foreldra neðangreindar upplýsingar er að finna í Sniglinum á heimasíðu Brekkuskóla
www.brek.akureyri.is

Foreldrar/forráðamenn hafa kynnt sér:	já
Skólareglur	
Forvarnaráætlun	
Námsvísa	
Hlutverk bekkjafunda	
Hlutverk og ábyrgð varðandi heimanám	
Reglur um námsbækur	
Hlutverk foreldra í námi barnsins	
Hvernig námsmat er uppbyggt	

Námsmarkmið vetrarins og skipulagning

Námsgreinar	Staða			
	Góð	Miðlungs	Slök	Stefni að
Íslenska				
Bókmenntir				
Málfræði				
Stafsetning				
Ritun				
Stærðfræði				
Enska				
Danska				
Náttúrufræði				
Samfélagsfræði				
Lífsleikni				
Handmennt				
Myndmennt				
Heimilsfræði				
Tölvufræði				
Íþróttir				
Leikfimi				
Sund				

Annað

Styrkleikar barnsins eru:

Annað frá foreldrum

Annað frá kennara

Annað sem vert er að komi fram, t.d. heilsufar, fjölskylduaðstæður ofl.

Brekkskóla _____ ágúst 2005

Umsjónarkennari

Forráðamaður

Nemandi

Netslóð Brekkuskóla er: www.brek.akureyri.is .

Þeir sem ekki hafa aðgang að netinu vinsamlega hafið samband við ritara Brekkuskóla.

Nr. 4. Viðtalseyðublað fyrir 8.-10. bekk

8. – 10. bekkur

Nemendaviðtal haustið 2005

Nafn: _____

bekkur: _____

Námsgreinar	Staða			
	Góð	Miðlungs	Slök	Stefni að
Íslenska				
Bókmenntir				
Málfræði				
Stafsetning				
Ritun				
Stærðfræði				
Enska				
Danska				
Náttúrufræði				
Líffræði				
Eðlisfræði				
Samfélagsfræði				
Saga				
Landafræði				
Lífsleikni				
Handmennt				
Myndmennt				
Heimilsfræði				
Tölvufræði				
Íþróttir				
Leikfimi				
Sund				

	Já	Nei	Ef já, hvaða?
Metið nám (s.s. tónlistarskóli, íþróttir).			
Heimanám, á ábyrgð fórráðamanna.			Ef nei, hvers?

Fyrir 9. og 10. bekk.

Hvaða greinar valdir þú:

Valgreinar:

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____

Forráðamenn:	Já	Nei	Verð búin(n) fyrir næsta fund
Hef kynnt mér námsvísa.			
Hef kynnt mér uppbyggingu námsmats.			
Hef kynnt mér stefnu og markmið Brekkuskóla.			
Hef kynnt mér forvarnaráætlun Brekkuskóla.			
Hef kynnt mér skólareglur Brekkuskóla.			
Hef kynnt mér hlutverk foreldra í námi barnsins.			

Viðhorf nemandans:
Hvernig líður þér í skólanum?
Hver eru helstu áhugamál þín?
Hefur þú of mikið að gera?
Annað sem vert er að fram komi:

Viðhorf foreldra:
Hlutverk foreldra í námi barnsins.
Þarfir barnsins í skólanum.
Líðan barnsins í skólanum?
Annað sem vert er að fram komi, s.s. sérstakar þarfir:

	Já	Nei	Ef já, hve mikið?
Vinnur nemandinn með náminu?			
Æfir þú íþróttir/tónlist/annað?			Þá hvað?

Brekkuskóla _____ ágúst 2005

_____ Umsjónarkennari

_____ Forráðamaður

_____ Nemandi

Netslóð Brekkuskóla er: www.brek.akureyri.is .

Þeir sem ekki hafa aðgang að netinu vinsamlega hafið samband við ritara Brekkuskóla.